

TILSKIPUN RÁÐSINS 2013/18/ESB

2014/EES/54/75

frá 13. maí 2013

um aðlögun tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2009/28/EB um að auka notkun orku frá endurnýjanlegum orkugjöfum vegna aðildar Lýðveldisins Króatíu (*)

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af aðildarsáttmála Króatíu, einkum 4. mgr. 3. gr.,

með hliðsjón af lögum um aðild Króatíu, einkum 50. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Samkvæmt 50. gr. laga um aðild Króatíu skal ráðið, í þeim tilvikum þegar nauðsynlegt reynist vegna aðildarinnar að aðlaga gerðir frá stofnununum sem samþykktar voru fyrir aðild og ekki er kveðið á um nauðsynlegar aðlaganir í þeim aðildarlögum eða viðaukum við þau, samþykkja í þessu skyni, með auknum meirihluta, að fenginni tillögu framkvæmdastjórnarinnar, nauðsynlegar gerðir ef framkvæmdastjórnin samþykkti ekki upphaflegu gerðina.
- 2) Í lokagerð ráðstefnunnar, þar sem aðildarsáttmáli Króatíu var saminn og samþykktur, er tilgreint að hinir háu samningsaðilar hafi náð pólitísku samkomulagi um röð aðlagana á gerðum stofnananna, sem eru nauðsynlegar vegna aðildarinnar, og í henni eru ráðið og framkvæmdastjórnin hvött til að samþykkja aðlaganirnar áður en til aðildar kemur, fullgerðar og uppfærðar ef þörf krefur, með tilliti til þróunar á lögum Sambandsins.
- 3) Því ætti að breyta tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/28/EB ⁽¹⁾ til samræmis við það.

1. gr.

Í A-hluta I. viðauka við tilskipun 2009/28/EB er eftirfarandi bætt við í töfluna á eftir færslunni fyrir Frakkland:

„Króatía	12,6%	20%“
----------	-------	------

2. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja og birta nauðsynleg lög og stjórnarsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en frá þeim degi sem aðild Króatíu að Sambandinu öðlast gildi. Þau skulu þegar í stað senda framkvæmdastjórninni texta þessara ákvæða.

Þau skulu beita þessum ákvæðum frá og með aðildardegi Króatíu að Sambandinu.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær eru birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

3. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi með fyrirvara um gildistöku aðildarsáttmála Króatíu og frá og með gildistöku hans.

4. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 13. maí 2013.

Fyrir hönd ráðsins,

S. COVENEY

forseti.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 158, 10.6.2013, bls. 230. Hentar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 159/2014 frá 9. júlí 2014 um ýmsum viðaukum og bókunum við EES-samninginn, bíður birtingar.

(¹) Stjtið. ESB L 140, 5.6.2009, bls. 16.